1. stjórnarfundur

7. apríl 2016

Haldinn á 101 Hótel, 7. apríl 2016 kl. 17:00-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Hjördís Sigurðardóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, Íris Baldursdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Vigdís Harðardóttir, Birta Kristín Helgadóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð. Elín Smáradóttir boðaði forföll.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Harpa Þórunn Pétursdóttir var einróma kosin formaður stjórnarRitari: Helga BarðadóttirGjaldkeri: Ákvörðun frestað til næsta fundarHeimasíðustýra: Petra Steinunn Sveinsdóttir

2. Fyrirkomulag funda

Ákveðið að fundir verði haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði.Fundir eru ákvarðanabærir ef á þá mæta 7 stjórnarmenn – aðal- og varamenn.Bæði aðalmenn og varamenn verða boðaðir á alla fundi, en aldrei verði nema 7 gild atkvæði, komi til atkvæðagreiðslu.Fundað verði að jafnaði 2. fimmtudag í mánuði.

3. Aðild að félaginuAðeins konur geta verið aðilar í félaginu, en öllum boðið að taka þátt í opnum viðburðum á vegum félagsins.

4. Póstlisti og samfélagsmiðlar

Ákveðið að póstlistinn yrði ekki notaður nema fyrir efni sem beint lýtur að félaginu.Allt sem fer inn á samfélagsmiðla í nafni félagsins, þarf að tengjast orkumálum.

5. Viðburðir

Formaður ber ábyrgð á viðburðum og kallar aðra stjórnarmenn til aðstoðar eftir atvikum.

6. Helstu verkefni

Rædd var hugmynd um að greina verkefnið sem KiO stendur frammi fyrir – þ.e. að greina stöðuna í dag sem verður útgangspunktur og jafnframt verði lagt mat á það hver markhópur félagsins er. Tillaga að verklagi verður lögð fyrir næsta fund.

7. Ráðgjafaráð

Rættum möguleika þess að setja á fót „Ráðgjafaráð“ sem í ættu sætu háttsettir aðilar úr orkugeirarnum. Ráðgjafaráðið yrðir til ráðgjafar varðandi möguleg áherslumál sem félagið myndi vinna að. Samþykkt að vinna frekar að hugmyndinni.

8. Heimsóknir í fyrirtæki

Ákveðið að stefna að fyrirtækjaheimsóknum einu sinni á hverjum ársfjórðungi og jafnframt verði kannað með möguleika á heimsóknum út á land.

9. Fjármál og fjármögnun

Ákveðið að leitað yrði eftir styrkjum til fyrirtækja til reksturs félagsins eins og mörg félagasamtök gera.Auður Nanna mun haft samband við mögulega styrkveitendur og undirbúa kynningarefni, sem verður lagt fyrir næsta fund.Ákveðið að leggja fram tillögu á næsta aðalfundi um 2000 kr. félagsgjöld.Formaður mun sjá um að skrá fyrirtækið í Fyrirtækjaskrá.

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 12. maí. Upplýsingar um stað og tímasetningu verður sendar út þegar nær dregur.Önnur málFormaður greindi frá því að KíO muni standa að móttöku með WING í tengslum við IGC ráðstefnuna 28. apríl nk.LinkedIn síða – stofnuð verði síða í nafni Women in energy – IcelandRætt um væntanlega viðburði þar sem vekja þarf athygli á jöfnum hlutföllum kynjanna í hópi fyrirlesara.Rætt um að hafa samband við Start up Energy og bjóða fram mentora. Verður kannað betur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið